

Steinunn Ásmundsdóttir

Lóupræll

Ég hef elt lóur alla mína ævi. Einu sinni elti ég fallega unga lóu í Hrísey í margar klukkustundir. Talaði við hana á fuglamáli, reyndi að líkja eftir hljóðum hennar, hoppaði milli þúfna eins og hún. Við fórum vítt og breitt um eyna þennan dag og hún lét sig hafa það að ég elti hana. Hefur sjálfsagt þótt ég furðufugl sem vert væri að gaumgæfa. Eða óvenjuleg afþreying í straumi tímans. Ég var margs vísari um lóur eftir þennan dag.

Ég sat fyrir löngu síðan við hlið konu í kennslustund og leiddist fjarskalega mikið. Tók til við að horfa út um glugga og einblíndi út í innrammað vorið, sem var þá í einni hendingu brotið upp af fjórum lóum sem sáu matarvon í grasflákanum utan gluggans. Hnippti í lagskonu mína og benti henni á blessaða vorboðana að háma í sig væna maðka. „Jah, líta lóur virkilega svona út,“ sagði hún dræmt og lýsti því yfir að hún hefði hvorki fyrr né síðar haft áhuga á lóum eða öðrum fylglum af nokkurri tegund. Þetta varð mér töluvert áfall, því að ég hélt sannast sagna að ekki væri hægt að vera Íslendingur, hvorki ungur né gamall, án



Mynd 1: Heiðlóa á hreiðri.

Ljósmyndari: Sigurður E. E. E.



Mynd 2: Heiðlóúegg.

Ljósmyndari: Sigurður Egisson.

Þess að vita gjörla hvernig lóur líta út. Svona er maður vitlaus. Upp úr þessu fór mig að gruna að ég hefði einhverja sérkennilega og jafnvel vafasama lóuáráttu.

Svo var ég eitt sinn að ganga upp á Egilsstaðakollinn snemmvors í blíðu veðri eftir langvarandi hret. Þegar örfáir metrar voru eftir upp á blákollinn heyrði ég þyt, eða öllu heldur djúpan súg og í sama mund flugu svo sem eins og hundrað lóur í þéttum sverm yfir höfuð mitt og einhentu sér niður á túnbleiðil við blágrænt Lagarfljótið. Vindurinn undan vængjum þeirra feyktist í andlit mitt og ég fann af þeim nýstárlega lykt sem einkenndist af mold og heitu, blautu fiðri. Á þessu andartaki gekk mitt vor í garð og ég var djúpt snortin.

Það var um nótt í Þingvallasveit að ég sá lítinn fugl hnipra sig saman á miðjum veginum. Hann stóð þarna stjarfur á miðlínunni, upplýstur af flóðljósum bifreiðar minnar og þóttist vera dauður eins og fugla er oft háttur við slíkar aðstæður. Ég sté út og nálgaðist hann varfærnislega. Þetta reyndist þá vera lóuungi, svo agnarlíttill að hann hvarf næstum í greip mína þegar ég tók hann ofurvarlega upp. Hann skeit í lófann á mér og hjarta hans barðist svo ótt að ég hélt það myndi springa af áreynslu. Nú hefði ég átt að setja ungakrílið út fyrir veg og leggja að honum dálítinn mosa til hlýinda uns hann jafnaði sig. En nei, ég ákvað samstundis að gerast hinn mikli bjargvættur málleysingja og tók ungann með mér heim. Lagði hann í litla kórðu með mosa og grasi og setti hjá honum vatnsskál og brauð-



Mynd 3: Heiðlóuungi.

Ljósmyndari: Sigurður Egisson.

mola. Vaktaði krílið svo það sem eftir lifði nætur og hafði þungar áhyggjur, því hann virtist trauðla ætla að jafna sig. Hann dó í dagrenningu og ég hneigist til að halda að ég hafi drepið hann úr umhyggjusemi.

Ein af mínum mestu hamingjustundum var þegar ég fann fyrsta lóuhreiðrið. Ungarnir voru nýskriðnir úr eggjum og voru óttalega pasturslitir. Vantaði samt ekki ákefðina í ætið. Lífsviljinn fer ekki eftir stærð. Það var sérkennilegt og fagurt að horfa á fiður og fjaðrir í einni allsherjar ringulreið, fingerðir litirnir farnir að láta á sér kræla og ungarnir allir úfnir og væskilslegir. Og áttu eftir að axla þá hrikaþungu ábyrgð að verða glæstir vorboðar heillar þjóðar, klæðast fagurfiðraðri kápu sinni og komast í hádegisfréttirnar að ári. Greyin litlu. Það er ekki lítil ábyrgð að fæðast til svo göfugs hlutverks. Skyldi þetta vera einhverslags vorboðaduld sem fær mig til að leggja lag mitt við lóur?

Enn skima ég um eftir lóum og legg eyru við hljóð þeirra. Enn tekur hjarta mitt auka-slag af geðshræringu og fögnuði þegar fyrstu lóurnar koma til landsins að vori. Enn fyllist ég óskilgreindri hamingju og værd þegar ég geng móana og heyri lóusöng vefjast í þá íslensku, einstöku sumarsinfóníu sem ekkert, nei ekki neitt á þessari jörð okkar, fær jafnast á við.

Lóur

Heiðlóur hópa sig um haust
í hraunhella að hvíla þar um langan vetur.
Með lauf í nefi leita þær sér griða
og sofa þungt er kaldir vindar næða.

Raskaðu ekki ró þeirra á hraunsvæflum,
þá rofnar líf og dafnar ekki framar.
Við vetrarlok bærast vængir glófiðraðir
og vorboðar bera okkur ljúfa tíð.

Á SPREKAMÓ

Afmælisrit tileinkað
Helga Hallgrímssyni náttúrufræðingi
sjötugum, 11. júní 2005

Ritstjóri
Sigurður Ægisson



BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR
2005

Á SPREKAMÓ

– AFMÆLISRIT TILEINKAÐ HELGA HALLGRÍMSSYNI NÁTTÚRUFRÆÐINGI SJÖTUGUM, 11. JÚNÍ 2005
Akureyri 2005

Ritstjóri:

Sigurður Ægisson

Ritnefnd:

Bjarni E. Guðleifsson, Hörður Kristinsson, Sigrún Helgadóttir,
Steinunn Ásmundsdóttir og Þórir Haraldsson

© Höfundar

Bókaútgáfan Hólar

Byggðavegi 101B

600 Akureyri

Netfang: holar@simnet.is

Umbrot: Ásdís Ívarsdóttir

Prentun: Prentsmiðjan Oddi

Bókin er sett úr 10 pt. ITC Clearface á 13 pt. fæti
Upphafsstafir kafla eru Linotext

Mynd á bls. 10: Ljósmyndari: Sigurður Ægisson

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun,
eða á annan sambærilegan hátt,
að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda

ISBN 9979-776-60-9

Efnisyfirlit

Aðfaraorð.....	7
HUMILIS HELGI	9
<i>Bergljót Hallgrímsdóttir</i> : Uppruni og ætt Helga Hallgrímssonar	11
<i>Anna Ingólfssdóttir</i> : Undir dimmbláum himni.....	19
<i>Ari Trausti Guðmundsson</i> : Vistferill – ekki slæm leið það	22
<i>Arndís Þorvaldsdóttir</i> : Tilbrigði við þjóðsögu	31
<i>Arnheiður Jónsdóttir</i> : Álfkonusteinn í Siglufirði	35
<i>Árni Björnsson</i> : Heimagerðar vættir	39
<i>Árni Einarsson</i> : Táknraent hús í Rauðúlfs þætti	42
<i>Bergþór Jóhannsson</i> : Tvær mosategundir nýjar fyrir Ísland.....	53
<i>Bergþóra Gísladóttir</i> : Að kynnast manni sem þekkir til álfa	56
<i>Bjarni E. Guðleifsson</i> : Að einbeita sér – að mörgu	59
<i>Droplaug Margrét Jónsdóttir</i> : Skynjun mannsins	67
<i>Egill Sigurðsson</i> : Er fegurðin ytri veruleiki?	71
<i>Erla Stefánsdóttir</i> : Heimkynnin okkar.....	79
<i>Eyvindur P. Eiríksson</i> : Undan feldi Þorgeirs	84
<i>Gróa Valgerður Ingimundardóttir og Jón Ólafsson</i> : Tjarnir í Fuglafríðlandinu í Flóa.....	92
<i>Guðmundur E. Sigvaldason</i> : Helgaspjall	105
<i>Guðmundur Halldórsson og Bjarki Þór Kjartansson</i> : Sitkalús	107
<i>Guðmundur Páll Ólafsson</i> : Myndir án sýningar	116
<i>Guðríður Gyða Eyjólfssdóttir</i> : Fjólubláir njólar og njólasótsveppurinn <i>Microbotryum warmingii</i>	121
<i>Gunnar Hersveinn</i> : Samlíðun + hjálpssemi = miskunnsemi	126
<i>Hákon Aðalsteinsson</i> : Jökulaur	130
<i>Hálf dán Björnsson</i> : Glitrósín á Kvískerjum.....	144
<i>Hilmar J. Malmquist</i> : Helgi Hallgrímsson og Veröldin í vatninu	148
<i>Hjalti Pálsson</i> : Stássborð Sigurbjargar á Merkigili.....	154
<i>Hrafnkell A. Jónsson</i> : Kalt er við kórbak	161
<i>Hörður Kristinsson</i> : Fléttur við Laugarfoss	170
<i>Indriði Gíslason</i> : Um búsetu í Skógargærðislandi til forna	175
<i>Inga Rósa Þórðardóttir</i> : Hulduheimar	181
<i>Ingibjörg Hallgrímsdóttir</i> : Á þjóðvegi eitt.....	188
<i>Ingibjörg S. Hjörleifsdóttir</i> : Sjö íslensk fjöll í ljósi andans.....	192
<i>Jóhannes Sigvaldason</i> : Tilgátur tvær og snjórinn í heiðinni	195

<i>Jón Hnefill Aðalsteinsson: Andinn á Hjaltastað</i>	200
<i>Jósep Ó. Blöndal og Ragnar Ingi Aðalsteinsson: Variation</i>	207
<i>Julius Sólmes: Að virkja eða ekki að virkja – það er spurningin</i>	210
<i>Magnús Stefánsson: Lítið félag í ljóðsins þágu</i>	218
<i>Málfríður Benediksdóttir: Tvær myndir</i>	225
<i>Oddbjörg Sigfúsdóttir: Visbendingar</i>	230
<i>Oddur Sigurðsson: Jöklar Austfjarða</i>	233
<i>Ólafur Hallgrímsson: Sköpun Guðs – ábyrgð manns</i>	249
<i>Ólína Þorvarðardóttir: Sjá betur augu en auga?</i>	253
<i>Ólöf Ýrr Atladóttir: Skilaboð</i>	256
<i>Páll Pálsson: Steðjasteinar og áletranir</i>	260
<i>Sigrún Helgadóttir: Húfan, málið og margt þar á milli</i>	266
<i>Sigurborg Kr. Hannesdóttir: Í eigin takti</i>	272
<i>Sigurður Björnsson: Máfabyggðir</i>	274
<i>Sigurður Blöndal: Reyniviðurinn í Ásbyrgi</i>	278
<i>Sigurður Ægisson: Gull, reykelsti og myrra</i>	282
<i>Sigurjón Bjarnason: Lýðræði á leið til þroska</i>	290
<i>Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir: Umhverfistúlkun á friðlýstum svæðum</i>	296
<i>Símon Jón Jóhannsson: Svartur fugl eða fljúgandi myrkur?</i>	303
<i>Skarphéðinn G. Þórisson: Baobab – apabrauðstré í Afríku</i>	313
<i>Skúli Björn Gunnarsson: Á sagnaslóð Lagarfljótsormsins</i>	324
<i>Skúli Skúlason: Ferðalag okkar um náttúruna</i>	333
<i>Steinunn Ásmundsdóttir: Lóupræll</i>	337
<i>Steinunn Jóhannesdóttir: Hvað gerði Hallgrím að skáldi?</i>	341
<i>Steinunn Kristjánsdóttir: Munkaklaustrið að Skriðu í Fljótsdal</i>	353
<i>Sveinn Elías Jónsson: Rannsóknarstöðin Katla</i>	360
<i>Tómas I. Olrich: Minningabrot</i>	366
<i>Tryggvi Felixson: Af Jörðu ertu kominn</i>	368
<i>Tryggvi Gíslason: Hálogaland – „land norðurljósa“</i>	372
<i>Valgerður H. Bjarnadóttir: Heiður</i>	378
<i>Þorvaldur Friðriksson: Álfamúsík, tónlist framtíðar</i>	384
<i>Þóra Bergný Guðmundsdóttir: Guli borðinn</i>	390
<i>Þóra Ellen Þórhallsdóttir: Landslag og gróður á miðhálandi Íslands</i>	392
<i>Þórarinn Lárusson: Menning, ræktarsemi og byggðaðbrún</i>	405
<i>Þórhildur Sigurðardóttir: Í ýmsum litum</i>	411
<i>Þórir Haraldsson: Af nykrum</i>	414
<i>Þóroddur F. Þóroddsson: Í humátt á eftir frumkvöðli</i>	419
<i>Þröstur Eysteinnsson: Endurvakning</i>	426
<i>Örnólfur Thorlacius: Flóðið mikla</i>	433
<i>Upplýsingar um höfunda</i>	444
RITASKRÁ HELGA HALLGRÍMSSONAR	447